

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um teymi sérfræðinga um börn
sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hefur ráðherra tekið til skoðunar í samráði við heilbrigðisráðherra hvort tilefni sé til að samræma fyrirkomulag við val á sérfræðingum í þverfaglega hópa samkvæmt lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, eins og meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar beindi til ráðherra á 151. löggjafarþingi (þskj. 564) að gera?
2. Lítur ráðherra svo á að teymi sérfræðinga um börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni, sem heilbrigðisráðherra skipaði 21. október 2022, uppfylli það að teljast þverfaglegt í ljósi þess að í teymið voru skipaðir sérfræðingar í innkirtla- og skurðlækningum en engir sérfræðingar í sálfræði, félagsráðgjöf og/eða kynjafræði sem ráðherra sagði að kynni að vera þörf á í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 154/2020?

Skriflegt svar óskast.